

Fimmtudaginn 15. september 1994.

Nr. 391/1994.

Rannsóknarlögregla ríkisins

gegn

Jóhönnu Rut Birgisdóttur

(Símon Ólason hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. C-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 10. september 1994, sem barst réttinum 12. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá krefst hún kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Krafa sóknaraðila um gæsluvarðhald varnaraðila er nú einvörðungu byggð á c-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Í kröfugerð hans fyrir héraðsdómi var gerð grein fyrir því, að varnaraðili hefði verið handtekin við framvísun tékka 9. september sl., er horfið hafði daginn áður við innbrot í Bifreiðabyggingar sf. að Ármúla 34 í Reykjavík. Þá hafi varnaraðili játað aðild að innbrotum í Ófeig, gullsmiðju og listmunahús, á Skólavörðustíg 5 hinn 8. apríl sl. og íbúðarhúsið að Laugarásvegi 6 hinn 13. maí sl., hvort tveggja í Reykjavík, og verslunina Emblu að Strandgötu 29 í Hafnarfirði 5. júlí sl. Loks er í kröfugerð sóknaraðila vísað til þess, að varnaraðili sé grunuð um aðild að 11 málum til viðbótar, en þau brot voru framin á tímabilinu frá janúar til júlí á þessu ári og sæta nú frumrannsókn hjá lögreglu. Varnaraðili hefur hlotið sex refsisdóma undanfarin fimm ár fyrir brot gegn almennum hegningarlögum.

Með vísan til þessa þykja vera skilyrði til gæsluvarðhalds varnaraðila á grundvelli c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Samkvæmt því verður niðurstaða hins kærða úrskurðar staðfest.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Þegar varnaraðili var leidd fyrir héraðsdómara, áður en úrskurður um gæsluvarðhald var kveðinn upp, voru samkvæmt bókun í

þingbók bornar undir hana til staðfestingar lögregluskýrslur, er lutu að framangreindum sakargiftum. Að því loknu var hún fyrst yfirheyrð sjálfstætt og þá einungis um það sakarefni, er leiddi til handtöku hennar. Þessi málsmeðferð er í andstöðu við meginreglur réttarfars í opinberum málum og er aðfinnsluverð.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 10. september 1994.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Jóhanna Rut Birgisdóttir, kt. 140670-5109, Ástúni 14, Kópavogi, sæti gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 25. október 1994 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 155. gr. og 244. gr. laga nr. 19/1940.

Kærða var handtekin í Sparisjóði vélstjóra við Borgartún í gær, þar sem hún reyndi að selja tékka, sem stolið hafði verið við innbrot í fyrirtækið Bifreiðatryggingar í Ármúla 34 í Reykjavík 8. september sl. Þar var stolið 2 tékkheftum með samtals 50 blöðum auk tékkans, sem kærða reyndi að selja í gær, að fjárhæð 15.000 kr. Á innbrotssstað sást til bifreiðarinnar E-3117, sem ungt par var í. Vitorðsmaður kærðu er enn ófundinn.

Kærða hefur játað fölsun ofanefnds tékka. Auk þess hefur hún gengist við brotum í fjórum öðrum málum, sem til rannsóknar eru hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins. Rannsóknarlögreglan bendir á, að kærða hafi margoft komið við sögu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins undanfarin ár og hún sé atvinnulaus og háð fíkniefnum. Ætla megi, að hún fjármagni þá neyslu og hafi að öðru leyti viðurværi sitt af afbrotum, einkum tékkafalsi og þjófnuðum. Kærða er grunuð um aðild að ellefu málum til viðbótar þeim fjórum, sem hún hefur þegar gengist við, og þá hefur hún hlotið fimm refsidóma fyrir brot gegn almennum hegningarlögum undanfarin fimm ár. Vísar Rannsóknarlögregla ríkisins að öðru leyti til a- og c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 kröfu sinni til stuðnings.

Með vísan til ofanritaðs og hliðsjón af sakaferli kærðu þykir með vísan til a- og c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 verða að fallast á kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins, og skal kærða því sæta gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 25. október 1994 kl. 16.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærða, Jóhanna Rut Birgisdóttir, sæti gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 25. október 1994 kl. 16.00.